

KIRKJUGARÐARÁÐ

105. fundur haldinn mánudaginn 13. maí 2013 í húsnæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Björg Sigurðardóttir endurskoðandi Deloitte, Björn Sveinsson skrifstofustjóri, Helga Halldórsdóttir gjaldkeri hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur.

1. Setning fundar

Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt. Ákveðið að vinna að heimasíðu fyrir Kirkjugarðaráð þar sem m.a. allar fundargerðir verða birtar.

2. Framlag ríkisins til kirkjugarða

Ársreikningur 2012. Kynning: Björg Sigurðardóttir endurskoðandi Deloitte. Björn Sveinsson og Helga Halldórsdóttir sátu fundinn undir þessum lið. Ársreikningur var samþykktur og undirritaður.

3. Fjármál kirkjugarða – greining og tillögugerð

Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur kynnti skýrslu sína um fjármál kirkjugarða, greiningu og tillögur.

4. Fundur í innanríkisráðuneyti

Minnispunktur Þórsteins Ragnarssonar frá fundi sem haldinn var 10. maí voru lagðir fram til kynningar. Skýrsla Haraldar verður kynnt á fundi með ráðuneytinu 11. júní n.k. Ákveðið var að formaður Kirkjugarðaráðs fari með stjórn KGSÍ á fundinn.

5. Fundur fulltrúa Kirkjugarðaráðs með ríkisendurskoðanda

Lagt var fram minnisblað frá Ríkisendurskoðun til Kirkjugarðaráðs, mál 12050150 6.0 frá 22. nóvember 2012.

Framkvæmdastjóra var falið að senda kirkjugarðastjórnnum niðurstöður ríkisendurskoðanda varðandi heimild til að gjaldfæra að fullu nýframkvæmdir við kirkjugarða í stað þess að eignfæra þær.

6. Kirkjugarðar Húsavíkur

Upplýsingar um stöðu mála. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir niðurstöðu málsins.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 12. júní n.k.

8. Önnur mál
Engin

Fundi slitið kl. 16:15.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari